b. Svarorðsending utanríkisráðherra

Reykjavík, 22. júní 1988

Hr. sendiherra,

Ég leyfi mér að vísa til bréfs yðar dags. 22. júní 1988 sem hljóðar svo:

[Sjá orðsendingu hér að framan.]

Ég leyfi mér að staðfesta að framangreint sé einnig skilningur ríkisstjórnar Íslands á niðurstöðum viðræðnanna.

Ég votta yður, hr. sendiherra, virðingu mína.

Steingrímur Hermannsson

Hr. L. Nicholas Ruwe
Sendiherra Bandaríkjanna
Reykjavík

b. Reply of the Minister for Foreign Affairs

Reykjavik, 22 June 1988

Dear Mr. Ambassador,

I have the honour to refer to your letter of 22 June 1988 which reads as follows:

[See Note above.]

I have the honour to confirm that the foregoing is also the understanding of the Government of Iceland.

Accept, Mr. Ambassador, the assurances of my highest consideration.

Steingrímur Hermannsson

H.E. Mr. L. Nicholas Ruwe,
Ambassador of the United
States of America,
Reykjavik

5. júlí 1988 Nr. 7

AUGLÝSING

um breytingu á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA).

Hinn 1. júlí 1988 var sænska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna samþykktar ráðs Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) nr. 15/1987 frá 14. desember 1987 um breytingu á samningi frá 4. janúar 1960 um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1970. Breytingin öðlaðist gildi 1. júlí 1988.

Samþykktin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 5. júlí 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

Samþykkt ráðsins nr. 15/1987

(Samþykkt á 18. fundi ráðsins 14. desember 1987)

Breyting á samningnum

Ný grein 12 bis og Viðauki H, ásamt breytingum á 1. mgr. (b) í 21. gr., á 1. mgr. 26. gr. og á 38. gr.

RÁÐIÐ,

sem hefur hliðsjón af ákvæðum 44. gr. samningsins, og

sem er staðráðið í að stuðla að því að komið verði í veg fyrir að viðskipti verði hindruð af tæknilegum orsökum, með því að ákveða tilhögun á kynningu á drögum að tæknilegum reglugerðum,

ÁLYKTAR:

I. Samningnum skal breytt svo sem hér greinir:

1. Ný grein, 12 bis, skal sett inn, svohljóðandi:

„Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum

1. Aðildarríkin skulu eins fljótt og auðið er tilkynna ráðinu um öll drög að tæknilegum reglugerðum og vottunarkerfum eða breytingum á þeim.

2. Tilkynningakerfi er hér með stofnað. Nánari ákvæði um þetta kerfi eru í Viðauka H.

3. Ráðið getur ákveðið að breyta þessari grein og ákvæðum í Viðauka H."

2. Bætt skal við Viðauka H, með þeim texta sem fram kemur í viðauka við samþykkt þessa.

3. 1. mgr. (b) í 21. gr. skal breytt þannig:

„(b) Engin ákvæði undanfarandi greina samnings þessa nema 1. gr., 12. gr. bis og 17. gr. gilda um þær vörur sem skráðar eru í II. og III. hluta Viðauka D. Ákvæði þau sem vísað er til í 2. mgr. gilda um þær vörur."

Decision of the Council No. 15 of 1987

(Adopted at the 18th Meeting on 14 December 1987)

Amendment of the Convention

Introduction of a new Article 12bis, and an Annex H, and amendments to paragraph 1(b) of Article 21, to paragraph 1 of Article 26 and to Article 38.

THE COUNCIL,

Having regard to the provisions of Article 44 of the Convention, and

Determined to contribute to the prevention of technical barriers to trade by establishing a notification procedure for draft technical regulations,

DECIDES:

I. The Convention shall be amended as follows:

1. A new Article 12bis shall be introduced with the following wording:

"Notification of draft technical regulations

1. Member States shall notify to the Council at the earliest practicable stage all draft technical regulations and certification systems or amendments thereto.

2. A notification procedure is hereby established, the details of which are contained in Annex H.

3. The Council may decide to amend the provisions of this Article and those of Annex H."

2. An Annex H shall be introduced with the wording set out at Annex to this Decision.

3. Paragraph 1 (b) of Article 21 shall be amended to read:

"(b) In relation to the goods listed in Part II or in Part III of Annex D none of the provisions in the foregoing Articles of this Convention, except Articles 1, 12bis and 17, shall apply. The provisions referred to in paragraph 2 shall apply to such goods."

4. 1. mgr. 26. gr. skal breytt þannig:

„1. Engin ákvæði undanfarandi greina þessa samnings, nema 1. gr., 12. gr. bis og 17. gr. skulu gilda um fisk og aðrar þær sjávarafurðir sem skráðar eru í Viðauka E. Sérákvæði þau, sem skulu gilda um þann fisk og þær aðrar sjávarafurðir, er að finna í 27. og 28. gr.“

5. Eftirfarandi orðum skal bætt við núverandi texta 38. gr.:
„Viðauki H Tilkynningakerfi fyrir drög að tæknilegum reglugerðum.“

II. Breytingum þessum á samningnum sem hér hafa verið samþykktar er vísað til aðildarríkja til staðfestingar. Skulu þær öðlast gildi 1. júlí 1988.

III. Framkvæmdastjóri skal afhenda ríkisstjórn Svíþjóðar texta samþykktar þessarar til vörslu.

4. Paragraph 1 of Article 26 shall be amended to read:
"1. The provisions in all the foregoing Articles of this Convention, except Articles 1, 12bis and 17, shall not apply in relation to the fish and other marine products which are listed in Annex E. The special provisions which shall apply to those fish and other marine products are set out in Articles 27 and 28."

5. The following wording shall be added at the end of the present text of Article 38:
"Annex H – Procedure for the notification of draft technical regulations."

II. The amendments to the Convention as hereby approved are submitted to the Member States for acceptance. They shall enter into force on 1 July 1988.

III. The Secretary-General shall deposit the text of this Decision with the Government of Sweden.

Viðauki I

Viðauki H við EFTA-samninginn

Tilkynningakerfi fyrir drög að tæknilegum reglugerðum

1. gr.
Aðildarríkin skulu eins fljótt og auðið er tilkynna ráðinu um öll drög að tæknilegum reglugerðum og vottunarkerfum, og breytingum á þeim sem þau hyggjast gera (hér á eftir er orðasambandið „tæknileg reglugerð“ einnig látið ná yfir „vottunarkerfi“ og „breytingar“).

2. gr.
Hvað tilhögun þessa snertir gilda eftirfarandi orðaskýringar:
(a) „Tæknilýsing“: Lýsing í skjali sem skýrir frá einkennum þeim er vara skal hafa, svo sem gæðum, afkastagetu, öryggisatriðum eða stærð, þar með taldar kröfur þær sem gerðar eru varðandi vöruna hvað snertir heiti, tákn, prófun og prófunaraðferðir, pökkun og áritun eða merkingu.

Annex I

Annex H to the EFTA Convention

Procedure for the Notification of Draft Technical Regulations

Article 1
Member States shall notify to the Council at the earliest practicable stage draft technical regulations, draft certification systems and draft amendments thereto which they intend to issue (hereinafter the words "technical regulation" are taken to include "certification system" and "amendments" as well).

Article 2
For the purposes of this procedure the following meanings shall apply:
(a) "Technical specification": a specification contained in a document which lays down the characteristics required of a product such as level of quality, performance, safety or dimensions, including the requirements applicable to the product as regards terminology, symbols, testing and test methods, packaging, marking or labelling;

(b) „Tæknileg reglugerð“: Tæknilýsing, þar með taldar þær stjórnvaldsreglur sem lögskylt er að fara eftir eða sem nauðsyn býður að farið sé eftir við markaðssetningu eða notkun í aðildarríki eða verulegum hluta aðildarríkis, að undanteknum þeim sem svæðisbundin yfirvöld eða sveitarstjórnir setja.

(c) „Drög að tæknilegri reglugerð“: Texti tæknilýsingar ásamt sjórnvaldsreglum sem saminn hefur verið til setningar eða sem undirbúningur að setningu tæknilegrar reglugerðar, enda sé textinn á slíku undirbúningsstigi að breytingar megi enn gera.

(d) „Drög að vottunarkerfi“: Texti sem lýsir kerfi sem meðferðar- og stjórnunarreglur hafa verið settar um, um hvernig staðfesta skuli samræmi við tæknilega reglugerð, og saminn er til að koma á eða sem undirbúningur að því að komið sé á lögbundnu vottunarkerfi, enda sé textinn á slíku undirbúningsstigi að breytingar megi enn gera.

(e) „Vara“: Vara sem einhver ákvæði samningsins gilda um, hvort sem um er að ræða iðnaðarframleiðslu, landbúnaðarvöru, eða fisk eða aðrar sjávarafurðir.

3. gr.

1. Í tilkynningu skal

(a) greina, á enskri tungu, óstyttan texta draga að hinni tæknilegu reglugerð, eða samantekt hans eða skýringu á efni hans, og skal í hinum tveimur síðargreindu tilvikum láta eintak hinnar fyrirhuguðu reglugerðar fylgja með tilkynningunni á tungu viðkomandi þjóðar,

(b) tilgreina hvort drögin séu að öllu leyti eins og tæknilýsing á viðkomandi sviði sem útbúin er af alþjóðlegum starfshópi eða svæðisstarfshópi, eða hvort þau víki frá slíkri lýsingu, og ef svo er skal tilgreina ástæður fyrir frávikunum,

(c) tilgreina nafn og aðsetur þess stjórnvalds sem bært er til að veita frekari upplýsingar um reglugerðina,

(d) tilgreina fyrirhugaðan gildistökudag.

2. Nú er í drögum að tæknilegri reglugerð einungis tekinn upp óstyttur texti alþjóðlegs eða evrópsks staðals, og nægir þá að upplýsingar um þann staðal fylgi.

(b) "Technical regulation": technical specifications, including the relevant administrative provisions, the observance of which is compulsory, de jure or de facto, in the case of marketing or use in a Member State or a major part thereof, except those laid down by regional or local government authorities;

(c) "Draft technical regulation": the text of a technical specification including administrative provisions, formulated with the aim of enacting it or of ultimately having it enacted as a technical regulation, the text being at a stage of preparation at which amendments can still be made;

(d) "Draft certification system": the text for a system having its own rules of procedure and management for carrying out certification of conformity with a technical regulation, formulated with the aim of enacting it or of ultimately having it enacted as a certification system, the text being at a stage of preparation at which amendments can still be made;

(e) "Product": products covered by any provision of the Convention, whether industrially manufactured products, agricultural goods or fish and other marine products.

Article 3

1. The notification shall:

(a) give, in the English language, the full text of the draft technical regulation or a summary of it or an explanation of its content; in the last two cases a copy of the proposed regulation in the national language shall be attached to the notification;

(b) indicate whether the draft technical regulation is identical with a technical specification in the subject matter concerned worked out by an international or regional body or whether it deviates from such specifications; when deviating from such specifications the reasons for the deviations shall be given;

(c) state the name and address of the national authority competent to give further information on the regulation;

(d) indicate the envisaged date of entry into force.

2. Where a draft technical regulation merely transposes the full text of an international or European standard information regarding the relevant standard shall suffice.

4. gr.

Tilkynning ásamt athugasemdum annarra aðildarríkja við hana skal yfirleitt send til allra aðilarríkja fyrir milligöngu ráðsins. Ef athugasemdir eru sendar beint til stjórnvalds viðkomandi ríkis í áríðandi tilvikum skal afrit sent til allra aðildarríkja fyrir milligöngu ráðsins.

5. gr.

Frestur til athugasemda við tilkynningu skal ekki vera skemmri en þrír mánuðir frá dagsetningu hennar. Meðan á frestinum stendur má ekki veita drögum að tæknilegri reglugerð gildi.

6. gr.

Í annarri tilkynningu skal greina að hve miklu leyti unnt hefur verið að taka tillit til athugasemda sem borist hafa frá öðrum aðildarríkjum, hverjar efnislegar breytingar hafa verið gerðar á þeim drögum sem kynnt voru, og dag þann sem reglugerð öðlast gildi.

7. gr.

Sé þess óskað skulu upplýsingar sem berast frá öðrum aðildarríkjum samkvæmt 1.–6. gr. vera trúnaðarmál. Þó mega stjórnvöld leita sérfræðiálits manna eða lögpersóna, þar á meðal manna sem ekki starfa á vegum opinberra aðila, enda sé nauðsynlegra varúðarráðstafana gætt.

8. gr.

Aðildarríki skulu fresta gildistöku draga að tæknilegri reglugerð í sex mánuði frá tilkynningardegi, ef annað aðildarríki lætur innan þriggja mánaða frá þeim degi í té ítarlegt álit um að breyta verði þeim drögum að tæknilegri reglugerð, sem tilkynnt voru, til að koma í veg fyrir eða draga úr viðskiptahömlum af einhverju tagi. Ef aðildarríkið sem tilkynnti drögin vefengir að álitið eða hluti þess sé á rökum reist getur aðildarríkið sem álitið veitti farið fram á sérfræðilegar viðræður við tilkynningarríkið, eða lagt málið fyrir nefnd þá sem fjallað er um í 10. gr. Fari sérfræðilegar viðræður fram skal tilkynna nefndinni um þær.

9. gr.

5. og 8. gr. gilda ekki er aðildarríki verður, af knýjandi ástæðum sem varða heilsuvernd eða öryggi almennings eða vernd dýra eða jarðargróðurs, að semja reglugerð á mjög skömmum tíma og veita henni þegar gildi án þess að unnt sé að hafa um það samráð. Í slíkum tilvikum skal

Article 4

The notification as well as comments thereon by other Member States shall normally be circulated through the Council to all the Member States. If in urgent cases the comments are addressed directly to the authority of the country concerned, a copy shall be circulated through the Council to all the Member States.

Article 5

The time-limit for comments on notifications shall be at least three months from the date of the notification. During this period the draft technical regulation may not be adopted.

Article 6

An additional notification shall indicate to what extent it has been possible to take account of any comment received from other Member States, any change of substance made as compared with the notified draft, and the date of entry into force of the regulation.

Article 7

The information received from other Member States according to Articles 1–6 shall upon request be confidential. However, the national authorities may, provided that the necessary precautions are taken, consult, for an expert opinion, natural or legal persons, including persons in the private sector.

Article 8

Member States shall postpone the adoption of a draft technical regulation for six months from the date of the notification if, within three months of that date, another Member State delivers a detailed opinion to the effect that the draft technical regulation notified must be amended in order to prevent or reduce any barriers to trade. If the notifying Member State disputes the soundness of the detailed opinion or of parts thereof the Member State delivering it may request expert consultations with the notifying Member State or may submit the question to the Committee referred to in Article 10. In the case of expert consultations the Committee must be notified.

Article 9

Article 5 and 8 shall not apply when, for urgent reasons relating to the protection of public health or safety, the protection of health and life of animals or plants, a Member State is obliged to prepare regulations in a very short period of time in order to enact and introduce them immediately

viðkomandi aðildarríki tilgreina í tilkynningu samkvæmt 1. gr. hverjar ástæður réttlæta hinar skyndilegu aðgerðir.

10. gr.

Ráðið skal skipa nefnd til að stjórna tilhögun þessari og tryggja rétta framkvæmd hennar. Í því skyni, svo og er mál eru lögð fyrir nefndina til athugunar samkvæmt 8. gr., getur nefndin sent ráðinu tilmæli sín. Nefndin getur leitað aðstoðar sérfræðinga eða ráðgjafa, og skal hún koma saman hvenær sem þörf er á, en ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Skal hún árlega gefa ráðinu skýrslu um framkvæmd þessarar tilhögunar.

without any consultations being possible. In the said cases the Member State in question shall state in the notification made in accordance with Article 1 the grounds warranting the urgent adoption of the measures.

Article 10

The Council shall designate a Committee to be in charge of administering this procedure and of ensuring its proper implementation. For this purpose and when questions are submitted to the Committee according to Article 8 the Committee may make recommendations to the Council. The Committee may call on the assistance of experts or advisers and shall meet whenever necessary but at least twice a year. Once a year it shall submit to the Council a report on the implementation of the procedure.

Nr. 8 21. september 1988

AUGLÝSING

um gildistöku samnings við Noreg um loðnuveiðar.

Samkomulag milli Íslands og Noregs frá 15. og 16. desember 1987 um loðnuveiðar Norðmanna innan íslenskrar lögsögu á tímabilinu 1. janúar til 15. febrúar 1988 öðlaðist gildi 16. september 1988, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 28/1987 þar sem samkomulagið er birt. Alþingi heimilaði staðfestingu samkomulagsins með ályktun 4. janúar 1988.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 21. september 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Nr. 9 20. október 1988

AUGLÝSING

um gildistöku viðbótarsamnings nr. 7 við Mannréttindasáttmála Evrópu.

Hinn 1. nóvember 1988 öðlast viðbótarsamningur nr. 7 frá 22. nóvember 1984 við Mannréttindasáttmála Evrópu frá 4. nóvember 1950 gildi, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 6/1987 þar sem viðbótarsamningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. október 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.